

Samþykkt um kynningu á kennaramenntun og kennarastarfinu

Sjötta þing KÍ haldið 1. – 4. apríl 2014 lýsir yfir ánægju með breytt fyrirkomulag kennaramenntunar sem samþykkt var á Alþingi árið 2008. Með því viðurkenndi löggjafinn að efla þyrfti menntun kennara enda um sérfræðingsstarf að ræða þar sem krafist er fagmennsku, frumkvæðis, forystu, læsis á rannsóknir o.fl. Til þess að Íslendingar eigi á að skipa góðum kennurum af báðum kynjum á öllum skólastigum/skólagerðum er nauðsynlegt að menntun þeirra sé framúrskarandi og í samræmi við þær menntunarkröfur sem gerðar eru til annarra sérfræðinga í þjóðfélaginu.

Ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur af yfirvofandi kennaraskorti þar sem aðsókn í kennaranám hefur farið dvínandi síðustu misseri. Næstu ár munu fjölmennir árgangar kennara fara á eftirlaun og nú þegar vantar fjölda kennara á leikskólastiginu. Þingið skorar á alla sem láta sig skólastarf varða að sameinast um að kynna nýja kennaranámið og kennarastarfið sem víðast í samfélaginu og gera það með öllum hætti eftirsóknarvert fyrir ungt fólk sem er að velja sér háskólanám. Kennarastarfið er eitt mikilvægasta starf hvers samfélags.